

# Tillaga um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



24. maí 2011



---

## ***Tillaga um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar***

Borgarráð samþykkir:

### **1. Að stofna nýtt svið, skóla- og frístundasvið, til að annast eftirtalda starfsemi í umboði skóla- og frístundaráðs:**

- 1.1 Rekstur leikskóla í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.
- 1.2 Rekstur grunnskóla í samræmi við lög um grunnskóla, nr. 91/2008.
- 1.3 Rekstur frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og fleira.<sup>1</sup>
- 1.4 Umsjón með daggæslu í heimahúsum, skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- 1.5 Rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita.
- 1.6 Umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg.
- 1.7 Skóla- og frístundasvið annist jafnframt umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum í tengslum við sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf.

### **2. Við stofnun skóla- og frístundasviðs verði núverandi menntasvið og leikskólasvið hluti nýja sviðsins og teljast því vera lögð niður. Íþróttá- og tómsfundasvið annist umsjón með eftirtöldum verkefnum í umboði íþróttá- og tómsfundaráðs:**

- 2.1 Íþróttamál, þar með talin samskipti og samninga við íþróttahreyfinguna, Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og einstök íþróttafélög í Reykjavík.
- 2.2 Rekstur íþróttamannvirkja, þar með taldar sundlaugar og íþróttahús.<sup>2</sup>
- 2.3 Rekstur skíðasvæða og skíðalyfta í hverfum.
- 2.4 Rekstur Hins hússins, þ.m.t. vinnumiðlun ungs fólks, 17. júní, Músiktilraunir og starfsemi fyrir fötluð ungmenni eldri en 16 ára.
- 2.5 Rekstur Ylstrandar í Nauthólsvík og Sigluness.
- 2.6 Rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- 2.7 Umsjón með styrkjum til íþróttastarfs barna og unglunga og samskipti við æskulýðs- og íþróttafélög. Enn fremur umsjón með Frístundakorti.

Jafnframt verði stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins lögð niður og málefni garðsins færð undir verkswið íþróttá- og tómsfundaráðs. Stefnt verði að því að auka til muna

---

<sup>1</sup> Sumargrín – smíðavellir – Brúðubíllinn, frístundaklúbbar fatlaðra, starfsemi fyrir fatlaða 16 ára og yngri, frístundastrætó, Skrekkur – hæfileikakeppni

<sup>2</sup> Íþróttir aldraðra, púttvellir, hjólabrettapallar o.s.frv.

---

samstarf milli Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og Grasagarðsins í Laugardal til að gera svæðið enn meira aðlaðandi fyrir borgarbúa.

3. **Staða sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði auglýst laus til umsóknar. Gerð verði krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi. Enn fremur verði krafist viðtækrar stjórnunarreynslu. Stöður sviðsstjóra mennta- og leikskólasviðs verði lagðar niður frá þeim tíma sem nýr sviðsstjóri tekur til starfa.**
4. **Settur verði á fót stýrihópur breytinganna undir forystu skrifstofu borgarstjóra. Í stýrihópnum verði stjórnendur frá sviðunum þremur. Ennfremur verði skipaður sérstakur ráðgjafahópur með fulltrúum úr háskólasamfélaginu sem hafi sérfræðipækkingu á sviði tómsundamála, kennslufræði, leikskólamála og uppeldisfræða. Ráðgjafahópurinn verði bakhjarl stýrihópsins hvað varðar fagleg málefni sem snerti starfsemi og skipulag nýja sviðsins.**

**Á vegum stýrihópsins verði skipaðir undirhópar til að annast eftirtalin verkefni:**

- 4.1 Mannauðsmál (samráð við stéttarfélag, leikreglur og viðmið við flutning starfa, kjaramál, nýjar starfslýsingar, fræðsla, upplýsingamiðlun til starfsmanna og þátttaka í mótun nýs sviðs).
  - 4.2 Fjármál (undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012, skipting ramma milli ÍTR og nýs sviðs, hagræðingarkröfur o.s.frv.).
5. **Sérstakur verkefnisstjóri verði jafnframt ráðinn tímabundið, í allt að sex mánuði, til að annast undirbúning og innleiðingu breytinganna í samráði við stýrihóp og á síðari stigum sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.**
  6. **Miðað er við að skipurit nýs sviðs verði lagt fyrir stjórnkerfisnefnd og borgarráð eigi síðar en 1. október næstkomandi og að breytingarnar verði komnar að fullu til framkvæmda þann 31. desember 2011.**
  7. **Kostnaður við undirbúning breytinganna á árinu 2011, 10 mkr., verði tekinn af liðnum 09205, ófyrirséð. Gerð verði hagræðingarkrafa á miðlæga stjórnsýslu nýs sviðs og ÍTR sem komi til framkvæmda á næstu þremur árum, 2012 – 2014.**
  8. **Stofnaður verði starfshópur kjörinna fulltrúa og embættismanna til að meta ávinning þess að eftirfarandi starfsemi heyri undir íþróttá- og tómsundasvið:**
    - 8.1 Rekstur stærri íþróttahúsa skólanna. Þar er átt við þau íþróttahús sem eru nýtt til æfinga og keppna á vegum íþróttafélaganna.
    - 8.2 Umsjón með batta- og sparkvöllum.
    - 8.3 Umsjón með opnum svæðum til leikja og útivistar.
    - 8.4 Starfsemi Náttúruskólans, þ.e. með sameiningu starfseminnar við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

---

8.5 Umsjón með rekstri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Starfshópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en 31. desember 2011.

Jón Gnarr

---

## Greinargerð:

### Efnisyfirlit

1.0	Markmið.....	7
2.0	Um skýrslu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila .....	9
3.0	Forsaga.....	11
4.0	Stefna Reykjavíkurborgar .....	13
5.0	Þróun héraendis og á Norðurlöndum.....	16
6.0	Starfsemi skóla- og frístundasviðs.....	18
7.0	Innleiðing breytinganna .....	20
	Heimildir: .....	23



## 1.0 Markmið

Markmiðið með sameiningu sviða sem þjóna börnum og ungmennum í námi og frístundum er:

- 1.1 Að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.
- 1.2 Að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka þverfaglegt samstarf.
- 1.3 Að efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga.

Velferð barna og ungmenna er í fyrirrúmi í allri þjónustu Reykjavíkurborgar. Starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva á ríkan þátt í að hlúa að velferð og efla alhliða þroska þessa hóps.

Markmiðið er að auka heildstæða þjónustu við börn og fjölskyldur og stuðla með því að ákveðinni samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Árangur, líðan og félagsleg færni er sameiginlegt verkefni allra þeirra sem koma að starfi með börnum. Mikilvægt er að leikskólar og grunnskólar vinni saman að því verkefni að skapa börnum

---

skilyrði til náms og þroska. Aukið samstarf í skipulagi skóla og frístundastarfs opnar enn fremur möguleika á þróun sveigjanlegs skóladags sem tekur mið af þörfum barna til hreyfingar og náms og vali í bland. Kennurum og frístundaráðgjöfum gefst meiri tími til fjölbreyttra og skapandi verkefna með börnum. Þannig verði hægt að stokka upp stundaskrá skóla og samþætta frístunda- og skólustarf barnanna. Jafnframt má með auðveldari hætti koma til móts við börn sem ekki njóta sín til fullnustu í skipulögðu skólustarfi. Á sama hátt og leikskólinn hefur þróast frá því að vera félagslegt úrræði yfir í að verða fyrsta skólastigið, er mikilvægt að stuðla að faglegri framþróun og viðurkenningu frístundastarfs sem hluta af menntun barna og unglinga.

Sameiginleg stefnumótun stuðlar að því að sameina krafta ólíkra fagstétta. Með samvinnu þessara stétta gefst betra tækifæri en ella til að koma til móts við þarfir og áhuga hvers barns fyrir sig. Ólík hugmyndafræði leikskólakennara, grunnskólakennara og frístundaráðgjafa stuðlar að víðara sjónarhorni og veldur því að nýjar hugmyndir fæðast. Að sama skapi skapast eftirsóknarverður starfsvettvangur fyrir unga fagstétt frístundaráðgjafa, þ.e. með heilsdagsstörfum sem snúa beint að starfi með börnum. Þar með skapast einnig svigrúm til samfellu í þjónustu og markvissari stuðnings við börn með sérþarfir. Börn og ungmenni hagnast á því að fagfólk á ólíkum sviðum vinni saman að því að tryggja þeim ákjósanleg skilyrði til menntunar, hvort sem um er að ræða aukna félagsfærni eða að ná tókum á námsefni. Til að ná því markmiði er mikilvægt að auka sveigjanleika milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og vinna markvisst að því að sameina faglegar áherslur í stefnumótun.

Sameiginleg yfirstjórn skóla- og frístundastarfs skapar betri yfirsýn yfir þjónustu við börn og ungmenni í borginni og tekur skref í átt að hagkvæmari rekstri. Í fjárhagslegu tilliti snýr ávinningurinn bæði að mannauði og rekstri. Hægt verður að nýta betur mannauð, bæði ráðgjafa- og sérfræðiþjónustu sem og sérþekkingu kennara og frístundaráðgjafa, sem mun leiða til þess að síður þarf að óska eftir aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Sameiginlegur rekstur mun enn fremur leiða til meiri hagkvæmni í innkaupum og auka samnýtingu á húsnæði.

Samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar starfa nú átta svið og ellefu skrifstofur innan borgarkerfisins. Ef litið er til stærri borga í þeim löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við kemur í ljós að algengast er að þar starfi fimm til sjö svið, þ.m.t. miðlæg stoðþjónusta. Það

---

eru því fjölmörg tækifæri, bæði fagleg og fjárhagsleg, sem felast í því að sameina svið og skrifstofur á vegum borgarinnar.



## 2.0 Um skýrslu starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila

Í borgarstjórn þann 19. apríl var samþykkt að sameina yfirstjórnir tuttugu og fjögurra leikskóla í ellefu og yfirstjórnir sex grunnskóla í þrjár. Þá var samþykkt tilraunverkefni í Árbæ sem fólst í sameiningu yfirstjórna leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og að hefja undirbúning að samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna í einu þjónustuverfi haustið 2011 (fylgiskjal 1). Jafnframt var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Borgarráð samþykkir að hefja undirbúning að sameiningu leikskólasviðs og menntasviðs. Ennfremur verði þau verkefni sem nú eru á skrifstofu tómsundamála á ípróttu- og tómsundasviði hluti af sameinuðu sviði. Verkefnin eru meðal annars umsjón með frístundamiðstöðvum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og öðru tómsundastarfi barna og ungmenna. Stofnað verði nýtt skóla- og frístundasvið. Stöður sviðsstjóra menntasviðs og leikskólasviðs verði lagðar niður og staða sviðsstjóra sameinaðs sviðs auglýst laus til umsóknar. Borgarstjóra verði falið að skila tillögu að sameiningu ásamt umsögn stjórnkerfisnefndar í byrjun maí en stefnt er að því að nýr sviðsstjóri taki til starfa eigi síðar en 1. júlí næstkomandi [...] (fylgiskjal 2).

---

Eðlilegt er að skipulag stjórnkerfis Reykjavíkurborgar taki mið af þeim aðstæðum og þörfum sem uppi eru hverju sinni. Því er nauðsynlegt að skoða reglulega hvernig best sé að haga starfsemi sviða og stofnana svo þau geti sem best þjónað íbúum borgarinnar.

Þann 3. nóvember 2010 setti borgarstjóri starfshóp á laggirnar til að greina tækifæri til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Í lokaskýrslu hópsins dags. 28. febrúar 2011 er lagt til að stefnumótun fyrir skóla og frístundaheimili verði sameiginleg í allri borginni. Í skýrslunni er sett fram sú forsenda að umhverfi barna og unglunga sé eitt lærdómssamfélag, þar sem skilningur og virðing fyrir velferð barna og þörfum fjölskyldna sé ríkjandi. Því er lögð áhersla á heildstæðan skólalag, samþættingu skóla- og frístundastarfs og samstarf milli skólastiga.

Í skýrslu starfshópsins er bent á að nemendum hafi fækkað stöðugt í grunnskólum borgarinnar síðastliðin átta ár og hafi fækkunin leitt til þess að víða sé húsnæði grunnskóla vannýtt á meðan biðlistar eftir leikskólaplássum séu að lengjast. Leikskólar borgarinnar séu jafnframt margir og misstórir og í mörgum tilfellum standi tveir á sömu lóð eða mjög nálægt hvor öðrum. Þá er gerð grein fyrir kostum þess að sameina yfirstjórn skóla og frístundaheimila, ekki síst þar sem velferð, líðan, árangur og félagsleg færni barna sé sameiginlegt verkefni kennara og frístundaráðgjafa.

Í umsögn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um tillögur starfshópsins um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila koma fram nokkrar ábendingar er varða sameiginlega yfirstjórn skóla og frístundamála. Meðal annars er bent á að tryggja þurfi aðkomu fagfólks á sviði frítíma að stefnumótuninni og að sjónarmið allra faghópa séu virt. Sama ábending kemur fram í skýrslu starfshópsins um greiningu tækifæra en þar er lögð áhersla á að stefnumótun frístundastarfsins verði áfram á faglegum grunni og ekki halli á hugmyndafræði frístundastarfsins. Enn fremur er lögð áhersla á að áfram verði stuðlað að fagþróun í starfi frístundaheimila og að tryggt sé að aðstaða og húsnæði henti starfinu. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að bæði fagleg og rekstrarleg rök væru fyrir því að koma á fót sameiginlegri stefnumótun grunnskóla og frístundaheimila.

---

Með sameiningu sviða sem þjóna börnum og ungmennum á sviði náms og frístunda er ekki aðeins hægt að tryggja faglegan ávinning heldur má ætla að með aukinni samþættingu starfa og heildarsýn verði hægt að ná fram fjárhagslegum ávinningi þegar innleiðingu sameiningar er lokið.



### 3.0 Forsaga

Málefni leik- og grunnskóla voru sameinuð undir eitt menntaráð í stjórnkerfisbreytingum í byrjun ársins 2005. Menntasvið Reykjavíkur varð svo til við sameiningu Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 1. júní sama ár. Markmiðið var að stuðla að heildstæðri faglegri yfirsýn yfir menntamál í borginni og auka samfellu milli skólastiga. Jafnframt var litið til hagræðingarsjónarmiða, s.s. þess að nýta sérþekkingu beggja skólastiga.

Sameinað menntasvið starfaði ekki nema í eitt og hálf ár eða til ársloka 2006. Sumarið 2006 var sameinuðu menntaráði skipt upp í tvö ráð en sviðin urðu formlega tvö um áramótin 2006 - 2007. Með breytingunni átti að styrkja leikskólann sem fyrsta skólastig barna í borginni. Frá upphafi núverandi kjörtímabils, eða frá júní 2010, hefur eitt menntaráð farið með málefni grunnskóla og leikskóla. Starfsfólk mennta- og leikskólasviðs hefur í undangengnu

---

breytingarferli tekið höndum saman og náð fram ákveðnum samlegðaráhrifum, m.a. við undirbúning funda menntaráðs, í upplýsingamiðlun o.fl. Með sameiningu felast enn frekari tækifæri til hagræðingar í miðlægri stjórnslu sviðanna.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi mennta- og leikskólasviðs á síðustu árum hafa ekki haft teljandi áhrif á ánægju foreldra með starf á leikskólum og í grunnskólum. Í starfsáætlun leikskólasviðs fyrir 2011 kemur fram að hlutfall foreldra sem voru ánægðir með leikskóla barnsins síns árið 2009 var 95% (Starfsáætlun leikskólasviðs 2011, 2010). Þá sögðust 83,7% foreldra grunnskólabarna vera ánægðir með skólann sem barnið þeirra sækti könnun menntasviðs 2010 (Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík, 2010).

Félagsmiðstöðvar hafa verið starfræktar í Reykjavík frá árinu 1974. Þær voru í fyrstu hugsaðar fyrir alla aldurshópa. Sá þáttur í starfsemi þeirra sem beinist að unglingum hefur þó alla tíð verið fyrirferðarmestur og hefur starfsemi miðstöðvanna einkum beinst að efstu bekkjum grunnskóla sl. ár, m.a. með starfsemi í húsnæði skólanna. Rannsóknir sýna að mikill og góður árangur hefur náðst í forvörnum hvað varðar áfengis- og fíkniefnanotkun reykvískra ungmenna og ber m.a. að þakka þann árangur öflugum starfi félagsmiðstöðva, sem og aukinni samveru foreldra og barna og þátttöku í öðru skipulögðu félagsstarfi. Frístundaráðgjafar mynda gjarnan ákveðin og persónuleg tengsl við þá unglinga sem þeir vinna með og leitast við að nálgast þá á jafningjagrundvelli. Frístundaráðgjafar eru gjarnan fyrirmyndir unglinga og þjóna mörgum hlutverkum, s.s. sem ráðgjafar, félagar, trúnaðarvinir og fræðarar (Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR). Það er vel þekkt að ungmenni leiti til starfsmanna félagsmiðstöðva með ýmis vandamál sem tengjast daglegu lífi, s.s. samskiptavanda, vanlíðan eða námsörðugleika. Gott samstarf skóla og félagsmiðstöðva getur því tryggt upplýsingaflæði og samstöðu um jákvæða úrlausn mála.

Lengd viðvera fyrir ung skólabörn og skóladaheimili hafa verið rekin af Reykjavíkurborg frá því að fyrsta skóladaheimilið var stofnað 1971 (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Hins vegar voru skóladaheimili lögð niður þegar allir grunnskólar borgarinnar voru gerðir að heilsdagsskólum árið 1993. Þá var farið að bjóða upp á lengda viðveru eða skóladaqvist í öllum skólum. Flutningur þjónustu skóladaqvistar frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur til íþrótt- og tómstundasviðs undir heitinu frístundaheimili hófst með tilraunaverkefni í Breiðholti á árunum 2000 – 2002. Það skipulag var svo innleitt í borginni allri á árunum 2002 – 2004 með það að markmiði að auka faglegt frístundastarf á frístundaheimilum. Þá var aukin áhersla lögð

---

á aðgreiningu skóla- og frístundastarfs og samþættingu við annað íþróttá- og tómstundastarf. Í dag rekur Reykjavíkurborg frístundaheimili við alla grunnskóla borgarinnar með börn í 1. til 4. bekk.

Undir stjórn íþróttá- og tómstundasviðs hefur náðst mikill árangur í að efla innra starf frístundaheimila og fagþróun starfsmanna. Það endurspeglast meðal annars í ánægju foreldra með þjónustu frístundaheimilanna. Í viðhorfskönnun frístundaheimila sem kom út í ágúst 2010 kemur m.a. fram að 85% foreldra eru ánægðir með frístundaheimili barna sinna (Viðhorfskönnun frístundaheimila ÍTR, 2010). Með sameiginlegri stefnumótun skóla og frístundaheimila gefst kostur á að styrkja innra starf frístundaheimila enn frekar og skapa starfsmönnum þeirra vettvang til frekari starfsþróunar. Þá er ljóst að stuðningskerfi bæði skóla og frístundaheimila, s.s. sálfræðiþjónusta, stuðningur við börn með sérþarfir, sértæk úrræði sem og félagslegur stuðningur, munu með markvissari hætti styðja við nám og þroska barna.



#### 4.0 Stefna Reykjavíkurborgar

Í Reykjavíkurborg eru nú 46 grunnskólar, þar af þrjú sérskólar, sex sjálfstætt starfandi grunnskólar og einn grunnskóli samrekin með leikskóla og frístund (Dalskóli). Jafnframt eru 95 leikskólar, þar af 19 sjálfstætt starfandi og einn samrekin með grunnskóla og frístund (Dalskóli). Mikil áhersla er lögð á samstarfsverkefni milli leikskóla og grunnskóla, sem og við stofnanir í grenndarsamfélaginu.

---

Í verkefnaáætlun í skólamállum, *Tjú rauðir þræðir og einn grænn* er lögð áhersla á að treysta samstarf milli skólastiga og flæði starfsfólks milli leik- og grunnskóla (Starfsáætlun leikskólasviðs, 2011; Starfsáætlun menntasviðs, 2011).

Menntaráð hefur farið með verkefni leikskólaráðs frá samþykkt borgarstjórnar þess efnis dags. 6. júní 2010. Í sameiginlegri verkefnaáætlun í menntamállum er sérstaklega kveðið á um eflingu samstarfs leik- og grunnskóla og tengsl skólastarfs við frístundir. Þar segir:

Barnið er í fyrirrúmi í öllu skólastarfi og nám fer fram innan sem utan skólans. Öll þjónusta miðar að innihaldsríkum skóladegi sem er barnvænn og fjölskylduvænn. Á næstu fjórum árum ætlar menntaráð að ryðja úr vegi hefðbundnum skilum milli skóla og skólastiga og vinna markvisst að því að samþætta skóla- og frístundastarf.

Í nýútgefnum aðalnámskrám mennta- og menningarmálaráðuneytis er áhersla lögð á samfellu milli skólastiga. Ætlast er til að kennarar kynni sér nám og starfsaðferðir hvers annars ásamt því að leita leiða til að efla samstarf (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011; Aðalnámsskrá leikskóla, 2011). Enn fremur er mikilvægt að efla samstarf við foreldra því ljóst er að hlutdeild foreldra og virk þátttaka þeirra í námi og starfi barna sinna skiptir sköpum fyrir vellíðan, árangur og viðhorf þeirra til frekara náms. Æskilegt er að skólar verði opnaðir enn frekar fyrir þátttöku foreldra og sjálfboðaliða.

Í starfsáætlunum mennta- og leikskólasviða kemur einnig fram mikilvægi þess að auka samstarf skóla við frístundir. Í dag rekur Reykjavíkurborg sex frístundamiðstöðvar í hverfum borgarinnar. Vettvangur frístundamiðstöðvanna er frítími barna og unglinga en einnig hverfastarf ýmis konar og þverfaglegt samstarf. Frístundamiðstöðvunum er ætlað að stuðla að félagslegri velferð. Þjónusta þeirra á að vera farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.

Undir frístundamiðstöðvarnar heyra 34 frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, 24 félagsmiðstöðvar fyrir 10-15 ára ungmenni, auk reksturs fjögurra frístundaklúbba fyrir börn með fötlun í 5.-10. bekk. Unnið hefur verið að því að byggja upp skýran ramma um starfið, m.a. með gerð handbóka fyrir starfsmenn og foreldra. Starfsskrá skrifstofu tómstundamála lýsir helstu markmiðum og verkþáttum starfsins.

---

Um rekstur frístundaheimila í grunnskólum segir í nágildandi borgarráðssamþykkt frá 2010:

Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístundaheimili myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags (16.gr.).

Öflugt frístundastarf hefur ekki eingöngu afþreyingargildi heldur jafnframt menntunar- og forvarnargildi. Félagsmiðstöðvar gegna mikilvægu forvarnarhlutverki og skipuleggja bæði opið starf og sértækt hópastarf fyrir ungmenni. Lögð er áhersla á að efla samskipta- og félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og samfélagslega virkni og þátttöku ungmenna (Starfsskrá skrifstofu tómstundamála).



Eins og að ofan hefur verið rakið stuðla stefnur og starfsáætlanir menntasviðs, leikskólasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs allar að þeirri framtíðarsýn að skólarnir í borginni vinni saman, óháð eða þvert á skólastig, og að frístundastarf komi inn í skóladaginn.

Rannsókn á þróun frístundaheimila í Reykjavík hefur sýnt að það er nauðsynlegt að finna leiðir til að efla enn frekar samstarf á milli skóla og frístundaheimila (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Markmiðið er að stofnanir borgarinnar leggist á eitt við að móta barnvænt umhverfi sem taki mið af þörfum fjölskyldna.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, er kveðið á um að menntun barna skuli beinast að því að rækta persónuleika og hæfileika þeirra, sem og andlega og líkamlega

---

getu þeirra (29. gr.). Enn fremur skuli gætt að rétti barna til hvíldar, tómstunda og þátttöku í menningarlífi (31. gr), (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna).

Í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar kemur fram mikilvægi þess að leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili móti sér menningarstefnu á grundvelli „Vegvísis til listfræðslu“ (UNESCO) og gerð verði áætlun um samstarf þeirra við listamenn og menningarstofnanir. Þannig verði leitað leiða til að sem flest börn geti notið listkennslu og hreyfingar. Enn fremur er æskilegt að starfsdagar og frí í leik- og grunnskólum séu samræmdir innan hverfa.

Jafnframt segir að þjónusta, stuðningur og ráðgjöf við börn, fjölskyldur og skóla eigi heima úti í hverfunum og því gegni þjónustumiðstöðvar og frístundamiðstöðvar mikilvægu hlutverki. Samstarf þeirra sem koma að menntun, umönnun og uppeldi barna og ungmenna skuli markvisst aukið (Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar).

## 5.0 Þróun hérlendis og á Norðurlöndum

Sameiginleg yfirstjórn leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála er í takt við þróun í skipulagi sveitarfélaga sem við berum okkur gjarnan saman við bæði hérlendis og á hinum Norðurlöndunum.

Í nær öllum sveitarfélögum landsins er sameiginleg yfirstjórn leik- og grunnskóla. Nýleg könnun sýnir að algengast er að fræðslu- og skólasvið sjái um rekstur frístundaheimila/skólalagvista (Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2010). Þó svo að sérstök íþrótta- og tómstundasvið séu til staðar í mörgum íslenskum sveitarfélögum, er hefð fyrir því að frístundaheimilin séu rekin af fræðslusviðum, svo sem skólalagvistir á Akureyri, skólasel á Seltjarnarnesi og frístundaskólar í Reykjanesbæ.

Hins vegar er algengara að íþrótta- og tómstundasvið sjái um rekstur félagsmiðstöðva fyrir unglunga. Þó hefur yfirstjórn skóla og frístundamála nýlega verið sameinuð í Kópavogi og á Ísafirði undir eitt svið (Menntasvið í Kópavogi; Skóla- og fjölskyldusvið á Ísafirði). Í Hafnarfirði hefur yfirstjórn velferðarmála og íþrótta- og tómstundamála nýlega verið sameinuð undir heitinu Fjölskylduþjónusta. Í Mosfellsbæ eru íþrótta- og tómstundamál, þar með taldar félagsmiðstöðvar unglunga, á hendi menningarsviðs en frístundaheimili heyra undir skólana.

---

Þróunin á Norðurlöndunum hefur verið með svipuðum hætti hvað snertir skipulag skóladagvista og frístundaheimila. Hér er sérstaklega litið til Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar:

#### *Noregur*

Í Osló tók menntasvið við frístundaheimilunum á árinu 2008 og nefnast heimilin í dag *Aktivitetsskolen* eða frístundaskólar. Frístundaskólarnir reka almenna frístundaþjónustu við börn í 1. til 4. bekk og sértæka þjónustu við fötluð börn í 1. til 7. bekk. Önnur tómskundastarfsemi heyrir undir hverfamiðstöðvar og íþróttamálin eru á hendi umhverfissviðs. Í öðrum stærri borgum í Noregi, svo sem í Þrándheimi og í Bergen, er skipulag íþrótt- og tómskundamála svipað. Í Bergen er stjórn íþrótt- og tómskundamála og menningarmála sameiginleg, í Þrándheimi eru menningarmál, atvinnumál og íþrótt- og tómskundamál sameiginleg en í báðum borgunum tilheyra frístundaheimili menntasviði.

#### *Danmörk*

Í Kaupmannahöfn eru íþrótt- og tómskundamál hluti af sviðinu *Kultur og fritid* og skóladagvistir eða *skolefritidsordning* tilheyra sviði sem kallast *Børn og unge*. Sviðið fer með yfirstjórn leikskóla og grunnskóla, félagsmiðstöðva, sérfræðiþjónustu skóla og tannheilsu skólabarna. Í Árósum er sama skipulag. Yfirstjórn frístundaheimila eða *skole fritidsordning* er á sviði sem kallast *Børn og unge* en sviðið fer með yfirstjórn leikskóla og grunnskóla, sérfræðiþjónustu skóla og fleiri verkefni sem tengjast börnum og unglingum.

#### *Svíþjóð*

Svíar hafa gengið hvað lengst fram í því að sameina stefnu og starfsemi skóla og frístundaheimila. Þar í landi eru markmið skóla og frístundaheimila tíunduð í lögum um grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili og nánar útlistuð í aðalnámskrá grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila (Läroplan för det obligatoriska skolväsendet, förskoleklassen och fritidshemmet, Lpo 94). Í Stokkhólmi eru frístundaheimili, eða *fritidshem*, fyrir 6 til 9 ára börn og frístundaklúbbar, eða *fritidsklubb*, fyrir 10 til 12 ára börn starfræktir undir skóladagvist, eða *skolbarnsomsorgen*. Skóladagvistin heyrir undir fagsviðið *Utbildningsförvaltningen* og samsvarar sviðið menntasviði Reykjavíkurborgar.

---

Að ofan má sjá að almennt hafa sveitarfélög talið farsælast að sameina stefnumótun skóla og frístundaheimila. Því er óhætt að segja að ákvörðun Reykjavíkurborgar nú um sameiginlega stefnumótun skóla og frístundaheimila samræmist reynslu annarra sveitarfélaga. Þannig verður hægt að horfa til þess sem jákvætt hefur reynst við slíka þróun og þess sem þarf að gæta að.



## 6.0 Starfsemi skóla- og frístundasviðs

Nýtt skóla- og frístundasvið mun annast starfsemi og rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Þá fer sviðið með málefni dagforeldra, myndlistarskóla, skólahljómsveita, tónlistarnáms, Námsflokka Reykjavíkur, frístundaklúbba fatlaðra, frístundastrætóa og samstarf við þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar. Sviðið sér einnig um fjárframlög til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla.

Gert er ráð fyrir að innan sviðsins starfi deildir sem skipti með sér verkum ásamt því að vinna náið saman. Stjórn sviðsins tryggir heildstæða stefnumótun, þverfaglegt samstarf og gæti þess að fagaðilar fari með forræði málaflokka. Mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi fagþróun í starfi frístundamiðstöðva og horfa til þess árangurs sem náðst hefur undir stjórn íþrótt- og tómsundasviðs.

Skóla- og frístundasvið mun einnig sinna þjónustu við skóla- og frístundaráð í samræmi við samþykkt um ráðið, hafa yfirumsjón með undirbúningi stefnumörkunar og innleiðingu breytinga, annast gagnavinnslu, samskipti út á við bæði innan lands og utan, gæðamál og skjalastjórnun. Fjármála- og mannauðsstjórnun verði sinnt miðlægt á sviðinu.<sup>3</sup> Þar liggur því ábyrgð á gerð fjárhags- og rekstraráætlana og fjárhagseftirliti með stofnunum sviðsins.

Sviðið mun sinna undirbúningi að byggingu skóla, leikskóla og frístundaaðstöðu í samvinnu við Framkvæmda- og eignasvið, þegar það á við.

## 6.1 Fjármál og mannauður

Fjárhagsrammi menntasviðs, leikskólasviðs og ÍTR í fjárhagsáætlun 2011 (í þús. kr.)

	Í heild:	Þar af í yfirstjórn:
Menntasvið	16.574.430	275.388
Leikskólasvið	9.357.757	246.460
ÍTR	6.387.831	132.476

Fjárhagsrammi tómsundamála á íþrótt- og tómsundasviði er 1.695.273 þús. kr.

Fjöldi starfsmanna samkvæmt fjárhagsáætlun 2011

	Menntasvið	Leikskólasvið	ÍTR	Samtals:
Starfsmenn	2289	1802	1095	5186
Stöðugildi	2048	1452	458	3958

Fjöldi starfsmanna tómsundamála á íþrótt- og tómsundasviði er 783.

Fjöldi stöðugilda í miðlægum skrifstofum samkvæmt fjárhagsáætlun 2011

	Menntasvið*	Leikskólasvið	ÍTR	Samtals:
Stöðugildi	31	30	16	77
- stjórnendur	5	4	6	15

\* Ekki er talin með starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar né skólahljómsveita.

Útgjöld leikskólasviðs, menntasviðs og íþrótt- og tómsundasviðs nema 57% af rekstrarútgjöldum borgarsjóðs þegar frá eru taldar afskriftir og fjármagnsgjöld.

Miðað við óbreyttan fjárhagsramma má áætla að árlegur rekstur skóla- og frístundasviðs nemi um 30 milljörðum og að sviðið hafi á að skipa um 5.000 starfsmönnum.

<sup>3</sup> Miðlæg þjónusta er í endurskoðun hjá Reykjavíkurborg og því gætu orðið breytingar á verkefnum stoðþjónustu skóla- og frístundasviðs

---

## 7.0 Innleiðing breytinganna

Mikilvægt er að móta skýra framtíðarsýn fyrir nýtt svið sem endurspeglar þau markmið sem sett eru fram með stofnun sviðsins, sem og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum barna og ungmenna. Menntasvið, leikskólasvið og íþrótt- og tómstundasvið fylgja öll metnaðarfullri stefnumótun í málefnum barna og ungmenna. Tryggt verður að stefna nýs sviðs taki mið af þeim.

Með sameiningu leikskólasviðs, menntasviðs og frístundamála verður til fjölbreyttur faghópur sem vinnur að málefnum barna og unglunga. Þar á meðal eru leikskólakennarar, grunnskólakennarar, frístundaráðgjafar og aðrar fagstéttir sem vinna með börn og ungmenni á leikskólum, í skólum, á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Tekið verður tillit til sérþekkingar þessa fagfólks og þess vettvangs sem það starfar innan þegar einstökum verkefnum er fundinn staður í skipulagi nýs sviðs. Með því að blanda saman ólíkum fagstéttum er ætlunin að stuðla að enn frekari þróun vinnubragða og nýrrar vinnustaðamenningar. Við þá vinnu verður þess gætt að hugmyndafræði allra ofangreindra fagstétta fái notið sín.

Eins og fram kemur í tillögunni verður sviðsstjóra sameinaðs sviðs falið að innleiða breytingar og móta nýtt skipurit í samráði við stjórnendur og starfsmenn. Í því sambandi er mikilvægt að gæta þess að öll fagleg starfsemi sviðsins skipi jafnríkan sess í skipuritinu samhliða því að tryggja þverfaglega samvinnu milli starfseininga. Því er ljóst að töluverð áskorun er fólgin í innleiðingu breytinganna.

Tillagan gerir ráð fyrir að settur verði á laggirnar stýrihópur undir forystu skrifstofu borgarstjóra sem hafi yfirumsjón með breytingunum. Í stýrihópnum eigi sviðsstjórar sæti ásamt stjórnendum frá sviðunum þremur. Enn fremur verði settur á laggirnar ráðgjafahópur með fulltrúum frá háskólasamfélaginu.

Ráðgjafahópurinn mun verða bakhjarl stýrihópsins hvað varðar fagleg málefni sem snerta skipulag og starfsemi sviðsins. Loks er gert ráð fyrir að ráðinn verði verkefnisstjóri sem starfi tímabundið, eða í allt að sex mánuði, að innleiðingu breytinganna í samráði við stýrihóp og skrifstofu borgarstjóra og, á síðari stigum, nýjan sviðsstjóra.

---

Tveir undirhópar verða stofnaðir samhliða stofnun stýrihópsins, starfshópur um mannauðsmál og starfshópur um fjármál.

Starfshópur um mannauðsmál hefur m.a. umsjón með eftirtöldum verkefnum:

- Leikreglur og viðmið um réttindi starfsmanna við flutning milli sviða
- Kjaramál
- Mótun nýrra starfslýsinga
- Upplýsingamiðlun og breið þátttaka starfsmanna í breytingaferlinu

Starfshópur um fjármál hefur m.a. umsjón með eftirtöldum verkefnum:

- Leikreglur um tilflutning fjármagns milli ÍTR og skóla- og frístundasviðs
- Undirbúning að fjárhagsáætlun ársins 2012
- Útfærsla á hagræðingarkröfu á miðlæga stjórnsýslu á nýju sviði

Til að tryggja að innleiðingin gangi hratt og örugglega fyrir sig er gert ráð fyrir að unnið verði samkvæmt viðurkenndum aðferðum á sviði breytingastjórnunar, m.a. með virkri þátttöku þeirra starfsmanna sem verða fyrir mestum áhrifum af breytingunum.

Í samvinnu við starfsmenn þarf að þróa nýjar hugmyndir, ýta úr vör áþreifanlegum verkefnum, breyta innra skipulagi, taka upp nýjar stjórnunaraðferðir og nota önnur verkfæri en áður. Einnig er gert ráð fyrir að allan tímann verði tryggt að starfsmenn séu upplýstir um þá vinnu sem fram fer og er það hluti af innleiðingarferlinu.

Öll sviðin þrjú hafa unnið markvisst að þróun mælikvarða til að mæla gæði þjónustunnar, m.a. með þjónustu- og starfsmannakönnunum, á undanförunum árum. Kannanir á vegum sviðanna hafa sýnt ríka ánægju foreldra með þjónustu grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila. Að sama skapi hefur starfsánægja á sviðunum mælst há í samanburði við aðra hópa. Þessir mælikvarðar munu verða nýttir í innleiðingarferli nýs sviðs og þess vandlega gætt að bregðast við neikvæðum breytingum í niðurstöðum ef til þess kemur.

## 7.1 Verk- og tímaáætlun

Nr.	Verkefni	Byrjar	Lokið	2011						
				maí	jún.	júl.	ágú.	sep.	okt.	nóv.
1	Undirbúningur að mótun tillögu	01.05.11	21.05.11	■						
2	Drög að tillögu lögð fyrir stjórnkerfisnefnd	24.05.11	31.05.11	■						
3	Umsagnir fagráða	25.05.11	07.06.11	■						
4	Tillaga lögð fyrir borgarráð	09.06.11	21.06.11	■						
5	Tillaga fyrir borgarstjórn	21.06.11	21.06.11	★						
6	Staða sviðsstjóra auglýst	25.06.11	18.07.11	■						
7	Stýrihópur tekur til starfa	27.06.11	06.01.12	■						
8	Ráðgjafahópur tekur til starfa	27.06.11	06.01.12	■						
9	Innleiðingarferli með starfsmönnum	27.06.11	06.01.12	■						
10	Nýr sviðsstjóri tekur til starfa	01.09.11	01.09.11	★						
11	Skipurit lagt fyrir borgarráð	01.10.11	01.10.11	★						
12	Nýtt svið tekur til starfa	01.01.12	01.01.12	★						

---

## Heimildir:

*Aðalnámskrá leikskóla 2011.*

*Aðalnámskrá grunnskóla 2011.*

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.*

Borgarráð (2010). *Borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar*. Sótt af [http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/borgarr\\_ \\_ssam\\_ykklok2010.pdf](http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/borgarr_ _ssam_ykklok2010.pdf).

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn í reykvísku skólstarfi. Í *Uppeldi og menntun* 18(1), bls. 37-59.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur. *Starfsmannahandbók frístundaheimila*. Sótt af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/fris tundaheimili\\_starfsmannahandbok.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/fris tundaheimili_starfsmannahandbok.pdf).

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur. *Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR*. Sótt af [http://fiaet.is/Files/Skra\\_0041900.pdf](http://fiaet.is/Files/Skra_0041900.pdf).

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur. *Foreldrahandbók frístundaheimila*. Sótt af <http://gamli.arsel.is/files/Foreldra%20HANDBOK%20ITR.pdf>.

Reykjavíkurborg. (2011). *Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila*. Sótt af [http://reykjavik.is/PortalData/1/Resources/menntasvid/skjol/Starfshopur\\_um\\_greining u\\_tækifaera\\_lokaskyrsla\\_28.\\_feb.pdf](http://reykjavik.is/PortalData/1/Resources/menntasvid/skjol/Starfshopur_um_greining u_tækifaera_lokaskyrsla_28._feb.pdf).

*Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar, ódags.*

*Starfsáætlun Íþrótt- og tómstundasviðs 2011, 2010.*

*Starfsáætlun Leikskólasviðs 2011, 2010.*

*Starfsáætlun Menntasviðs 2011, 2010.*

Starfsskrá skrifstofu tómstundamála. Sótt af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/utgefidefni/Starfssk r\\_\\_TR\\_2007.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/utgefidefni/Starfssk r__TR_2007.pdf).

Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2010). *Könnun á starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru*. Sótt af [http://www.samband.is/media/grunnskoli/Konnun\\_lengd-vidvera\\_2010.pdf](http://www.samband.is/media/grunnskoli/Konnun_lengd-vidvera_2010.pdf).

*Viðhorfskönnun frístundaheimila ÍTR, 2010.*

Menntasvið. (2010). *Viðhorf foreldra til grunnskólstarfs í Reykjavík*

Borgarráð

***Tillögur borgarstjóra um sameiningar og samrekstur leikskóla, grunnskóla og yfirstjórnar frístundaheimila***

Borgarráð samþykkir eftirfarandi tillögur um samrekstur og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og yfirstjórnir skóla og frístundaheimila með vísan til fyrirbyggjandi gagna, meðal annars tillögur starfshóps frá febrúar 2011 og á grundvelli úrvinnslu og umsagna menntaráðs og ÍTR:

1. Lagt er til að skoðað verði með heildrænum hætti leik- og grunnskólastarf, svo og frístunda- og félagsstarf barna og unglunga í 111 Reykjavík. Lagt er til að í umboði borgarstjóra verði skipaður starfshópur fulltrúa foreldra og fulltrúa starfsfólks leikskóla, grunnskóla og ÍTR, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Leiknis, Gerðubergs og annarra hagsmunaaðila. Starfshópurinn leiti leiða til að auka samstarf í Efra-Breiðholti í skóla- og frístundastarfi, til að efla félagslegan jöfnuð, árangur, vellíðan og þátttöku barna og unglunga í frístunda- og menningarstarfi. Horfið verður frá aldursskiptingu Hólabrekku- og Fellaskóla og sameiningu Hraunborgar og Aspar og Suðurborgar og Hólaborgar, a.m.k. að sinni. Starfshópurinn taki strax til starfa og skili tillögum til borgarstjóra eigi síðar en 1. apríl 2012. Verkefnið verði tengt átaksverkefninu „111 Reykjavík“ sem var hleypt af stokkunum í upphafi kjörtímabilsins.

2. Lagt er til að sameina grunnskólann Ártúnsskóla, leikskólann Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel. Sameiningin komi til framkvæmda 1. janúar 2012 og leitað verði eftir samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um ráðgjöf og stuðning við innleiðingu breytinganna. Horft verði til framkvæmdarinnar sem tilraunaverkefni og af því dreginn lærdómur fyrir frekari skólaþróun á næstu árum. Við undirbúning sameiningar verði haft samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

3. Lagt er til að frestað verði til ársins 2013 að sameina Fossvogsskóla, Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland og litið verði til reynslu Dalskóla og samreksturs Ártúnsskóla, Kvarnaborgar og Skólasels sem fyrirmyndar.

4. Lagt er til að menntasviði verði falið að koma á samráði við stjórnendur og starfsmenn grunnskólanna í Vesturbæ auk skólaráða og foreldraráða (skólasamfélagið) og

koma með tillögur að breytingum á skólastarfi í Vesturbæjar-, Mela-, Granda- og Hagaskóla. Markmiðið er að finna leiðir til að komast hjá því að byggja við þá skóla sem senn komast í húsnæðisþröng vegna nemendafjölgunar. Starfshópur taki til starfa strax og skili tillögum til borgarstjóra eigi síðar en 1. desember 2011.

5. Lagt er til að sameina yfirstjórn Korpuskóla og Víkurskóla 1. janúar 2012. Nemendur í 8. – 10. bekk úr Staðahverfi sækja áfram nám í Víkurskóla. Við undirbúning breytinga verði haft samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

6. Lagt er til að sameina yfirstjórn Borgaskóla og Engjaskóla 1. janúar 2012. Skólastjórnendum verði falið að vinna að auknu samstarfi og/eða sameiningu unglिंगadeilda skólanna. Stefnumótandi ákvörðun komi til framkvæmda fyrir upphaf skólaársins 2012-2013. Við undirbúning breytinga verði haft samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

7. Lagt er til að sameina yfirstjórn Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla 1. janúar 2012. Nýjum skólastjórnendum verði falið að vinna að flutningi nemenda á unglिंगastigi fyrir skólaárið 2012-2013 sem gætu valið um skólavist í Réttarholtsskóla eða Álftamýrarskóla. Við undirbúning breytinga verði haft samráð við foreldra, nemendur og starfsfólk.

8. Lagt er til að Foldaskóli verði heildstæður safnskóli á unglिंगastigi fyrir nemendur úr Húsaskóla og Hamraskóla. Unnið verði að undirbúningi breytinganna allt næsta skólaár með þátttöku foreldra og starfsfólks og breytingin komi til framkvæmda skólaárið 2012-2013. Samhliða þessum breytingum er lagt til að rekstur Húsaskóla og Hamraskóla verði skoðaður með tilliti til betri nýtingar á húsnæði og hugsanlegrar sameiningar í stjórnun eða sameininga við leikskóla í nágrenninu.

9. Lagt er til að sameina yfirstjórn í neðangreindum leikskólum frá 1. júlí 2011. Lagt er til að þar sem þrír leikskólar verði sameinaðir undir einni stjórn verði stjórnunarhlutfall aukið svo að aðstoðarleikskólastjórar verði tveir á fyrsta starfsári sameinaðs skóla. Lögð verði áhersla á að foreldrar og starfsfólk séu virkir þátttakendur í innleiðingarferli nýrra sameinaðra leikskóla.

Drafnarborg og Dvergasteinn  
Barónsborg, Lindarborg og Njálshöfn  
Hamraborg og Sólbakki  
Hlíðaborg og Sóhlíð  
Holtaborg og Sunnuborg  
Hlíðarendi og Ásborg  
Laugaborg og Lækjaborg  
Furuborg og Skógarborg  
Arnarborg og Fálkaborg  
Hálsaborg og Hálsakot  
Foldaborg, Foldakot og Funaborg

10. Lagt er til að haustið 2011 verði skóla- og frístundastarf 6-9 ára barna samþætt í einu þjónustuhverfi og jafnframt því undirbúin sameining yfirstjórnar skóla og frístundastarfs í borginni allri.

Hjálögð er skýrsla starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila lögð fram í febrúar 2011 auk umsagna meirihluta menntaráðs og meirihluta íþróttá- og tómstundaráðs.

Jón Gnarr

Borgarráð

### ***Sameining skóla- og frístundamála***

Borgarráð samþykkir að hefja undirbúning að sameiningu leikskólasviðs og menntasviðs. Ennfremur verði þau verkefni sem nú eru á skrifstofu tómstundamála á íþrótt- og tómstundasviði hluti af sameinuðu sviði. Verkefnin eru meðal annars umsjón með frístundamiðstöðvum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og öðru tómstundastarfi barna og ungmenna. Stofnað verði nýtt skóla- og frístundasvið. Stöður sviðsstjóra menntasviðs og leikskólasviðs verði lagðar niður og staða sviðsstjóra sameinaðs sviðs auglýst laus til umsóknar. Borgarstjóra verði falið að skila tillögu að sameiningu ásamt umsögn stjórnkerfisnefndar í byrjun maí en stefnt er að því að nýr sviðsstjóri taki til starfa eigi síðar en 1. júlí næstkomandi.

Greinargerð:

Markmið með sameiningu sviða sem þjóna börnum og ungmennum á leikskólaaldri, grunnskólaaldri og í frítímaþjónustu til 18 ára aldurs er í fyrsta lagi að stuðla að heildstæðri faglegri stefnumótun og þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Í öðru lagi er markmiðið að efla yfirsýn yfir málaflokkinn, auka samræmi á milli þjónustubátta. Í þriðja lagi er markmiðið að efla samstarf starfsfólks til að styrkja þá nauðsynlegu fagmennsku sem er forsenda heildstæðrar þjónustu.

Börn og ungmenni eiga að vera í fyrirrúmi í allri þjónustu Reykjavíkurborgar. Þjónustan á að miða að fjölskylduvænum starfsdegi. Mikilvægt er að líta svo á að allt umhverfi barna og ungmenna, hvort heldur sem um er að ræða á frístundaheimili eða í skóla sé eitt lærdómssamfélag, þar sem skilningur og virðing fyrir velferð barna og þörfum fjölskyldna er í fyrirrúmi. Til að ná því markmiði er mikilvægt að brjóta upp hefðbundin skil á milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og vinna markvisst að því að sameina faglegar áherslur í stefnumótun og starfi. Með sameiningu sviða sem þjóna börnum og ungmennum á leikskólaaldri, grunnskólaaldri og í frítímaþjónustu til 18 ára aldurs má ekki aðeins ná fram faglegum ávinningi, heldur má ætla að með aukinni samþættingu starfa og öflugri heildarsýn á þjónustuna verði hægt að ná fjárhagslegum ávinningi þegar innleiðingu sameiningar er lokið.

Jón Gnarr